



Lög samtaka um kvænnaathvarf

1. gr. Félagið heitir Samtök um kvænnaathvarf.

2. gr. Heimili samtakanna og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr. Markmið samtakanna er:

1. Að reka athvarf, annars vegar fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra og hins vegar fyrir konur sem verða fyrir nauðgun.

2. Að veita ráðgjöf og upplýsingar, efla fræðslu og umræðu um kynbundið ofbeldi, m.a. til að auka skilning í þjóðfélaginu á eðli ofbeldis og afleiðingum þess og stuðla að því að þjóðfélagið, lög þess og stofnanir verndi og aðstoði þau er slíku ofbeldi eru beitt.

4. gr. Í kvænnaathvarfinu skal vera gístiaðstaða, símaþjónusta og fólk sem veitt getur konum sem þangað leita umönnun, upplýsingar og stuðning. Dvöl í athvarfinu er ætluð til skamms tíma og skal vera gegn vægu gjaldi. Leiti kona til athvarfsins sbr. 3. gr. á hún ávallt rétt á aðstoð. Nafnleynd skal viðhöfð um þá einstaklinga sem leita til athvarfsins eða hringja þangað. Félagsmenn, starfsmenn og konur sem dvelja í athvarfinu eru bundin þagnarskyldu. Þagnarskylda skal virt eftir að starfi eða dvöl í athvarfinu lýkur.

5. gr. Félagar í Samtökum um kvænnaathvarf geta þeir einstaklingar orðið sem styðja markmið samtakanna og greiða árgjald. Félagsmenn hafa einir atkvæðisrétt um málefni samtakanna. Þau félagsamtök sem styðja markmið samtakanna geta orðið styrktarfélagar enda greiði þau árgjald. Fulltrúar styrktarféлага hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum og á aðalfundi.

6. gr. Aðalfund skal halda fyrir lok maí hvert og til hans boða skriflega með dagskrá með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þar skal flutt skýrsla stjórnar um starfsemi samtakanna og rekstur athvarfsins síðastliðið ár, lagðir fram ársreikningar endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, lagabreytingar afgreiddar, mótuð meginstefna næsta starfsárs, lögð fram fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og árgjald næsta

árs ákveðið. Á aðalfundi skal kjósa stjórn samtakanna sbr. 7. gr. svo og tvo endurskoðendur og einn til vara. Reikningsár samtakanna skal vera almanaksárið.

7. gr. Á aðalfundi skal kjósa til eins árs í senn fimm félagsmenn í stjórn Samtaka um kvænnaathvarf og tvo til vara. Eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund skal stjórn skipa þrjá félagsmenn í uppstillingarnefnd sem tryggir framboð í stjórnarkjör. Tillögur nefndarinnar skulu liggja frammi á skrifstofu samtakanna tveimur vikum fyrir aðalfund og skulu félagsmenn skila tillögum sínum þangað eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Stjórnin skiptir með sér verkum. Hún skal sjá um að framkvæma stefnu samtakanna, bera ábyrgð á eignum og rekstri þeirra og fara þannig með æðsta vald í málefnum samtakanna milli aðalfunda. Stjórn skal undirbúa aðalfund, félagsfundi og almenna fræðslu- og kynningarfundi samtakanna. Stjórn ræður framkvæmdastjóra kvænnaathvarfs og annað starfsfólk samtakanna. Engin skal sitja í stjórn samtakanna lengur en sex ár samfelld.

8. gr. Félagssfund skal halda a.m.k. einu sinni á ári. Þar skal fjalla um starfsemi samtakanna, fjárhagsstöðu og önnur þau málefni sem til meðferðar eru hverju sinni. Félagssfundir skulu einnig vera vettvangur fræðslu og umræðu sbr. 3. gr. Stjórn er skylt að boða án tafar og skriflega til félagsfundar með a.m.k. 7 daga fyrirvara, ef endurskoðandi, tveir eða fleiri stjórnarmenn Samtaka um kvænnaathvarf eða tuttugu félagsmenn hið fæsta æskja þess skriflega og tilgreina fundarefni.

9. gr. Lögum samtakanna verður aðeins breytt á aðalfundi og til þess þarf atkvæði 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Tillögur um lagabreytingar þurfa að berast stjórn fyrir 15. apríl. Tillögur um lagabreytingar skulu fylgja fundarboði.

10. gr. Komi til slita á samtökunum þarf að samþykka það á aðalfundi með atkvæðum 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Eignir samtakanna skulu renna til kvænnaathvarfsins í Reykjavík enda starfi það skv. 3. gr. þessara laga.

Samþykkt á aðalfundi 23. maí 1995.